

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt í Bessastaðahreppi, Gullbringusýslu.**

Fasteignaskatt í Bessastaðahreppi skal innheimta með 100% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr., sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. janúar 1965.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

27. janúar 1965.

Nr. 8.

REGLUGERÐ**um nýja lánaflokka Stofnlánadeildar sjávarútvegsins við Seðlabanka Íslands.****1. gr.**

Stofnlánadeild sjávarútvegsins er heimilt að opna nýja lánaflokka í þeim tilgangi að auka framleiðslu og framleiðni í fiskiðnaði og skyldri starfsemi.

2. gr.

Fé til þessara lána fær Stofnlánadeildin með framlagsfé og lánnum frá Seðlabanka Íslands, Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands af því fé, sem óinnheimt var 1. janúar 1964 af lánnum, er Stofnlánadeildin veitti samkvæmt lögum nr. 48/1961.

Einnig er Stofnlánadeildinni heimilt að taka lán hjá fyrrgreindum bönkum, svo og öðrum aðilum, og endurlána það í þessum lánaflokkum.

3. gr.

Sérstök stjórnarnefnd skal starfa vegna þeirra lána, sem veitt verða samkvæmt þessari reglugerð. Skal hún skipuð fimm mönnum, sem fyrrgreindir bankar tilnefna sem hér segir: Seðlabanki Íslands tilnefnir tvo, og skal annar þeirra vera formaður, Landsbanki Íslands tilnefnir tvo og Útvegsbanki Íslands einn. Skal nefndin skipuð að minnsta kosti einum bankastjóra frá hverjum bankanna.

Stjórnarnefndin tekur ákvarðanir um einstakar lánveitingar og leggur þær fyrir stjórn Stofnlánadeildarinnar til staðfestingar. Auk þess fjallar stjórnarnefndin um þessi mál:

1. Lántökur Stofnlánadeildarinnar samkvæmt 2. málsg. 2. gr., enda er tilskilið einróma samþykki aðila í stjórnarnefndinni.
2. Skilmála einstakra lánveitinga að því leyti, sem þeir eru ekki bundnir af lögum eða þessari reglugerð.
3. Hún setur reglur um meðferð lánanna, þar á meðal um atriði, er varða tryggingar þeirra, innheimtu og annað, er verulegu máli skiptir um tilvist þeirra. Yfirstjórn lánaflökkanna skal vera í höndum stjórnar Stofnlánadeildarinnar.

4. gr.

Lánsúmsóknir skulu afhentar Landsbankanum eða Útvegsbankanum, og skulu þeim fylgja eftirfarandi gögn:

1. Rækileg greinargerð fyrir þeim framkvæmdum, sem sótt er um lán til, ásamt rekstraráætlun. Upplýsingar þessar skulu vera í því formi, er Stofnlánadeildin óskar.
2. Eignar- og veðbókarvottorð, lóðasamningar og önnur skilríki varðandi eignir fyrirtækisins.
3. Skoðunar- og matsgerðir á eignum fyrirtækisins.
4. Vátryggingarskirteini eða óyggjandi vottorð um vátryggingu eigna fyrirtækisins.
5. Rekstrar- og efnahagsreikningar fyrirtækisins s. l. tvö ár í því formi, sem Stofnlánadeildin óskar.
6. Aðrar upplýsingar um rekstur og efnahag fyrirtækisins, sem óskað kann að verða.

Viðkomandi viðskiptabanki skal gera skriflega greinargerð um umsækjanda, fjárhag hans, rekstur og fyrirhugaða fjárfestingu og leggja úmsóknina, ásamt þeim gögnum fyrir Stofnlánadeildina.

5. gr.

Sérstök matsnefnd skal meta þær eignir, sem í ráði er að veðsetja Stofnlánadeildinni. Skal nefndin skipuð þremur mönnum: einum tilnefndum af Seðlabanka Íslands, og skal hann vera formaður nefndarinnar, einum af Landsbanka Íslands og einum af Útvegsbanka Íslands. Skal nefndinni heimilt með samþykki stjórnar Stofnlánadeildarinnar að skipa menn til þess að meta eignir á sínum vegum, enda skal hún endurskoða matið og staðfesta það. Eignir skulu metnar til endurkaupsverðs, að frádregnum eðlilegum afskriftum, er miðist við rýrnun eignarinnar frá því, að hún var ný. Einnig skal við ákvörðun endurkaupsverðs taka tillit til tæknilegs notagildis eignarinnar, t. d. hvort hún fullnægi nútíma kröfum varðandi afkastagetu, framleiðslugæði, rekstrarhagkvæmni o. s. frv. Skal matsnefndin semja nákvæmar reglur um framkvæmd matsins, er staðfestar skulu af stjórn Stofnlánadeildarinnar.

Heimilt er matsnefndinni, eftir því sem henni þykir rétt, að notfæra sér mót, sem unnin hafa verið á vegum Ríkisábyrgðasjóðs og Stofnlánadeildarinnar eftir 1960.

6. gr.

Við ákvarðanir um lán og val milli lánsúmsókna skal m. a. tekið tillit til eftirfarandi atriða:

1. Veða þeirra, sem boðin eru fram til tryggingar láninu.
2. Afraksturs á undanförunum árum af því heildarfjármagni, sem bundið hefur verið í fyrirtækinu (hagnaður, vaxtagjöld og afskriftir).
3. Áætlaðs arðs af þeirri fjárfestingu, sem sótt er um lán til.
4. Eigin fjár þess, sem lagt er til framkvæmdanna, svo og eigin fjár fyrirtækisins í heild.
5. Greiðslugetu fyrirtækisins að loknum framkvæmdum.
6. Áhrifa framkvæmdarinnar á afkomu og fjárhag annarra fiskiðnaðarfyrirtækja, svo og á vinnumarkaðinn á sama stað eða sama svæði.
7. Þörf fyrir aukna afkastagetu á viðkomandi stað.

7. gr.

Lán þessi skulu aðeins veitt gegn veði í fasteignum, er notaðar eru fyrir fiskvinnslu eða skylda starfsemi, ásamt tilheyrandi vélum og tækjum.

Lán, sem veitt verður samkvæmt reglugerð þessari, að viðbættum lánum, sem hvíla á undan því við veðsetningu, skulu nema hæst 60% af matsverði. Þó skal aldrei veita hærri lán til einstakrar framkvæmdar en 80% af kostnaðarverði hennar.

Hámarkslánstími lána til bygginga skal vera 15 ár, lána til véla 10 ár. Sé sama lánið veitt bæði til bygginga og véla, skal hámarkslánstíminn miðast við meðaltal matsverðs véla og fasteigna.

8. gr.

Vaxtakjör skulu ákveðin af stjórn Stofnlánadeildarinnar að höfðu samráði við ríkisstjórnina. Vaxtakjörin skulu einnig borin undir stjórnarnefnd lánaflökkanna, sbr. 3. gr. Skulu vextir greiddir eftir á á sömu gjalddögum og afborganir af lánunum. Dráttarvextir skulu vera þeir sömu og reiknaðir eru af eldri lánaflökkum deildarinnar. Auk matskostnaðar og annars beins kostnaðar skulu lántakendur greiða 1% lántökugjald í varasjóð þessara lánaflökka.

Skuldunautar skulu greiða jafnar afborganir og vexti tvisvar á ári með gjalddaga 1. maí og 1. nóv. ár hvert. Endurgreiðsla skal hefjast á öðrum gjalddaga, eftir að lán er útborgað, enda séu vextir greiddir fyrir fram til þess tíma, er annars ætti að vera fyrsti gjalddagi lánsins.

9. gr.

Skylt skal lántakendum að hafa hinar veðsettu eignir svo hátt váttryggðar, að vel nægi fyrir áhvilandi lánum, og tekur veðréttur Stofnlánadeildarinnar jafnan einnig til váttryggingarfjárins. Ef til útborgunar váttryggingarfjár kemur, getur Stofnlánadeildin krafizt þess, að henni sé greidd beint upphæð, sem svarar til áhvilandi láns eða lána hennar, enda sé tekið fullt tillit til þeirra veðhafa, er á undan eru í veðröð.

Öllum skuldunautum Stofnlánadeildarinnar er skylt að láta Stofnlánadeildinni í té árlegt afrit af rekstrar- og efnahagsreikningum sínum í því formi, sem hún ákveður, ef þeir afhenda þau ekki Landsbankanum eða Útvegsbankanum.

10. gr.

Heimilt er að telja lán eða eftirstöðvar láns úr Stofnlánadeildinni fallin í gjalddaga án uppsagnar:

- a. þegar greiðslur af lánum eru ekki inntar af hendi á réttum gjalddaga,
- b. við eigendaskipti að veði fyrir láni, eða ef veðið ferst eða rýrnar verulega í verði eða er selt eða sett á uppboð,
- c. ef veðið er ekki starfrækt í 6 mánuði eða meira samfleytt samkvæmt eðli sínu og tilgangi,
- d. ef veðið er flutt úr þeim stað, þar sem það var starfrækt, er lán var veitt.

11. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefur Stofnlánadeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms, hvað veð í fasteignum með tilheyrandi áhrærir, samkvæmt lögum um nauðungaruppboð nr. 57 frá 1949, sbr. lög um veð frá 4. nóv. 1887, 3. gr., og skal í þessu sambandi heimilt að semja svo um, að uppboð á hinu veðsetta megi fara fram í skrifstofu uppboðshaldara.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði, og ber þá uppboðshaldara að tilkynna Stofnlánadeildinni um uppboðið svo tímanlega, að Stofnlánadeildin geti látið fulltrúa sinn mæta við uppboðið.

12. gr.

Skuldunautar Stofnlánadeildarinnar eru skyldir til að fullnægja öllum kvöðum og skuldbindingum, sem á þá eru lagðar í lögum og reglugerðum fyrir Stofnlánadeildina, með öllum þeim breytingum, sem kunna að verða gerðar á þeim ákvæðum, sem nú eru í gildi.

13. gr.

Hagnaður af starfsemi þessara lánaflökka, svo og 1% lántökugjald, er tekið skal af nýjum lánum, rennur í sérstakan varasjóð, er varið sé til að mæta töpum. Nú verða töp umfram það, sem varasjóður getur greitt, og greiðast þau þá af framlagsfé aðila hlutfallslega.

14. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt tillögum stjórnar Stofnlánadeildar sjávarútvegsins og með heimild í lögum nr. 41/1946 og lögum nr. 48/1961 og samkvæmt 5 gr. gildandi laga um Seðlabanka Íslands nr. 10/1961, öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 27. janúar 1965.

Gylfi Þ. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.

AUGLÝSING

um innflutningskvóta.

Með skirskotun til 3. gr. reglugerðar nr. 79 27. maí 1960, um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl., hefur ríkisstjórnin í samráði við Seðlabankann ákveðið innflutningskvóta fyrir árið 1965 samkvæmt eftirfarandi lista.

Listinn í skiptist í tvo kafla. Í I. kafla eru taldar vörur, sem úthlutað verður þrisvar sinnum á árinu, í febrúar, júní og október. Í II. kafla eru vörur, sem bankarnir skulu úthluta á árinu 1965 á þeim tíma, sem þeir telja nauðsynlegt.

I. KAFLI

Tollskrá Kafli Nr.	Vörutegund	Innflutnings- kvóti 1965
44.05.19		
44.13.19	Annar trjáviður úr barrtrjám, sagaður eftir endilöngu, flettur eða afbarkaður, en ekki frekar unninn, meira en 5 mm á þykkt; annar trjáviður úr barrtrjám, heflaður, plægður, grópaður, fasaður eða unninn á annan svipaðan hátt	kr. 30 000 000
44.15.00		
44.16.00		
44.18.00	Krossviður, spónlagður trjáviður og aðrar límdar plötur, einnig í sambandi við önnur efni, innlagður viður (með áteiknuðu eða máluðu mynstri); holplötur (lamelplötur), einnig lagðar ódýrum málum; gervitrjáviður úr spónum o. s. frv., þó ekki plasthúðaðar plötur	— 14 000 000